

Grindavíkurbær

Ársreikningur  
2018

Grindavíkurbær  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Kt. 580169-1559

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Grindavíkurbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 3.349 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 3.051 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,99% en lögbundið hámark árið 2018 var 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts A-flokki nam 0,39% en lögbundið hámark þess er 0,5%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 502,5 millj. kr. og í A hluta um 470,9 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 8.285,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 8.190,0 millj. kr.

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Grindavík, 9. apríl 2019.

Bæjarstjóri:

*Finnur Jónsson*

Bæjarráð:

*Stjórnir Hallgrímur  
Sigrún Elís Þorkelsson  
Helga Þis Jakobsdóttir*

Ársreikningur Grindavíkurbæjar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Grindavík, 28. maí 2019.

Bæjarstjórn:

*Sigrún Elís Þorkelsson  
Stjórnir Hallgrímur  
Helga Þis Jakobsdóttir  
Þor Jón Þor  
Haukinnur Helmingsson  
Dimitra Karadottir  
Guðmundur Pálsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Grindavíkurbæjar fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fólson, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbæ, 28. maí 2019.

**KPMG ehf.**

*Sigurjón Ón Arnarsen*

## Rekstrarreikningur 2018

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....		2.115.437	1.967.607	1.884.260	2.112.517	1.965.192	1.881.639
Framlög Jöfnunarsjóðs .....		661.330	603.843	663.347	661.330	603.843	663.347
Aðrar tekjur .....		274.312	179.914	256.824	575.335	464.473	536.851
	4	<u>3.051.080</u>	<u>2.751.364</u>	<u>2.804.431</u>	<u>3.349.182</u>	<u>3.033.508</u>	<u>3.081.838</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	1.584.166	1.606.429	1.547.265	1.639.769	1.662.478	1.600.964
Lífeyrisskuldbinding, breyting ..	5	24.801	56.817	39.738	27.926	66.029	46.528
Annar rekstrarkostnaður .....	6	827.608	778.682	839.854	911.501	871.845	918.880
		<u>2.436.575</u>	<u>2.441.928</u>	<u>2.426.857</u>	<u>2.579.196</u>	<u>2.600.352</u>	<u>2.566.371</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		614.505	309.437	377.574	769.986	433.156	515.466
Afskriftir .....	8	( 199.431 )	( 201.818 )	( 184.135 )	( 249.725 )	( 253.870 )	( 226.786 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		415.073	107.619	193.439	520.261	179.286	288.681
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	55.820	64.978	54.789	( 17.799 )	316	2.334
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	14	<u>470.894</u>	<u>172.597</u>	<u>248.228</u>	<u>502.462</u>	<u>179.602</u>	<u>291.015</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

Skýr.	A hluti		A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir og lóðir .....	5.619.391	5.201.771	6.035.007	5.535.954
Götur, veitur og höfn .....	493.420	393.538	1.324.886	1.135.592
Áhöld og tæki .....	185.260	175.347	208.711	202.478
8	6.298.071	5.770.655	7.568.604	6.874.025
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	9 114.956	114.956	114.956	114.956
Langtímakröfur .....	10 24.179	30.164	24.179	30.164
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10 463.337	512.854	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11 156.519	0	156.519	0
		758.990	295.654	145.120
Fastafjármunir	7.057.061	6.428.629	7.864.257	7.019.145
<b>Veltufjármunir</b>				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur .....	12 348.996	364.782	379.974	397.828
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	453.281	286.960	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10 66.191	64.107	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	10 5.293	2.787	5.293	2.787
Aðrar skammtímakröfur .....	39.945	16.893	93.920	61.832
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11 6.014	0	6.014	0
Handbært fé .....	13 1.681.409	1.944.959	1.681.421	1.944.971
Veltufjármunir	2.601.128	2.680.488	2.166.622	2.407.418
<b>Eignir samtals</b>	<b>9.658.189</b>	<b>9.109.117</b>	<b>10.030.879</b>	<b>9.426.562</b>

## 31. desember 2018

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2018	2017	2018	2017
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	14	8.189.956	7.577.431	8.285.893	7.667.927
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	15	499.603	502.797	565.561	571.825
Aðrar skuldbindingar .....	16	0	0	54.331	0
		499.603	502.797	619.892	571.825
<b>Langtímaskuldir</b>					
Vaxtaberandi skuldir .....	17	538.408	521.643	734.005	719.851
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		56.125	58.577	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	191	169	9.248	8.798
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar .....	14	25.945	24.249	29.370	27.556
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	347.962	424.252	352.471	430.606
		430.223	507.246	391.089	466.960
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.468.234	1.531.686	1.744.986	1.758.635
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>9.658.189</b>	<b>9.109.117</b>	<b>10.030.879</b>	<b>9.426.562</b>
Ábyrgðir og skuldb. utan efnahagsreiknings .....	19				

# Sjóðstreymisýfirlit 2018

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	14	470.894	172.597	248.228	502.462	179.602	291.015
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	199.431	201.818	184.135	249.725	253.870	226.786
Verðbætur .....		( 3.014 )	( 1.195 )	( 2.729 )	24.042	19.120	11.781
Hagnaður af sölu rekstrarfjárm. ....		0	0	( 775 )	0	0	( 775 )
Hækkun lífeyrisskuldbindingar .....	15	24.801	40.500	39.738	27.926	56.500	46.528
Veltufé frá rekstri		692.112	413.720	468.596	804.154	509.092	575.333
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgr. kostnaður, hækkun		( 162.533 )	0	0	( 162.533 )	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		15.786	0	( 89.895 )	17.854	0	( 109.223 )
Aðrar skammtímakröfur, breyting ..		( 23.052 )	0	( 10.026 )	( 43.002 )	0	( 31.014 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 76.290 )	0	194.583	( 78.135 )	0	195.054
Greitt vegna lífeyrissk.bindingar ....	15	( 26.299 )	( 25.000 )	( 23.594 )	( 32.376 )	( 29.000 )	( 30.296 )
Samtals		( 272.388 )	( 25.000 )	71.068	( 298.192 )	( 29.000 )	24.522
Handbært fé frá rekstri		419.724	388.720	539.664	505.962	480.092	599.855
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ...	8	( 585.216 )	( 766.800 )	( 57.577 )	( 792.114 )	( 1.193.620 )	( 244.614 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....		0	0	1.000	0	0	1.000
Langtímakröfur, breyting .....	10	4.695	7.935	2.030	4.695	7.935	2.030
Langtímakröfur á eigin ft., breyting..	10	66.191	66.381	64.107	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 514.330 )	( 692.484 )	9.560	( 787.419 )	( 1.185.685 )	( 241.584 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft., breyting .....		( 168.771 )	( 409.247 )	( 199.407 )	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	17	( 173 )	( 1.000 )	( 153 )	( 8.930 )	( 8.419 )	( 8.607 )
Nýjar skuldbindingar .....		0	0	0	26.837	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		( 168.944 )	( 410.247 )	( 199.559 )	17.908	( 8.419 )	( 8.607 )
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .</b>		( 263.550 )	( 714.011 )	349.664	( 263.549 )	( 714.011 )	349.665
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		1.944.959	1.645.114	1.595.294	1.944.971	1.645.114	1.595.306
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		1.681.409	931.103	1.944.959	1.681.421	931.103	1.944.971

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Grindavíkurbær er sveitarfélag á Reykjanesi og voru íbúar 3.397 þann 1. desember 2018. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Víkurbraut 62 í Grindavík.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Grindavíkurbæjar árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð og Þjónustustöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Hafnarsjóður, Vatnsveita og Víðihlið, dvalarheimili aldraðra.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, að öðru leiti en því sem fram kemur hér að neðan.

Sveitarfélagið hefur breytt reikningshaldslegri meðferð seldra íbúðaréttanna í Víðihlið í B-hluta. Seldir íbúðaréttir voru áður færðir til lækkunar á fjárfestingu í fasteignum en eru nú færðir til skuldar í efnahagsreikningi. Leiðréttingin var gerð 1. janúar 2018 og hafði eftirfarandi áhrif á liði efnahags:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignir og lóðir .....	0	10.558
Aðrar skammtímakröfur .....	0	( 10.914 )
Aðrar skuldbindingar .....	0	25.771
Eigið fé .....	0	( 26.127 )

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamingum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar .....	10 - 50 ár
Hafnarmannvirki .....	25 ár
Veitukerfi .....	25 - 50 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Áhöld og tæki .....	4 - 20 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

#### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

#### k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2018. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15.

#### l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### m. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

#### n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 23.

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Útsvar, fasteignaskattur og lóðarleiga:</b>						
Útsvar .....	1.706.690	1.573.674	1.538.139	1.706.690	1.573.674	1.538.139
Fasteignaskattur .....	343.035	330.750	289.272	340.114	328.335	286.651
Lóðarleiga .....	65.712	63.183	56.848	65.712	63.183	56.848
	2.115.437	1.967.607	1.884.260	2.112.517	1.965.192	1.881.639
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag v. fasteignaskatts .....	88.193	90.481	85.981	88.193	90.481	85.981
Framlag v. útgjaldajöfnunar .....	326.142	304.664	317.393	326.142	304.664	317.393
Framlög v. grunnskóla .....	149.136	136.618	96.720	149.136	136.618	96.720
Framlög v. sérþ. fatlaðra nema.....	18.800	13.400	14.750	18.800	13.400	14.750
Framlög v. málefna fatlaðra .....	70.212	50.000	133.502	70.212	50.000	133.502
Framlag v. nýbúafraeðslu .....	7.280	7.280	6.240	7.280	7.280	6.240
Framlag v. eflingar tónlistarn. ....	1.568	1.400	8.763	1.568	1.400	8.763
	661.330	603.843	663.347	661.330	603.843	663.347
Skatttekjur samtals .....	2.776.767	2.571.450	2.547.607	2.773.847	2.569.035	2.544.986
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur:.....	274.312	179.914	256.824	575.335	464.473	536.851
Rekstrartekjur samtals .....	3.051.080	2.751.364	2.804.431	3.349.182	3.033.508	3.081.838

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Laun .....	1.269.227	1.304.609	1.198.438	1.317.266	1.351.575	1.240.354
Launatengd gjöld .....	296.311	299.553	278.191	305.704	308.436	286.882
Áfallinn launakostnaður, breyting Framlög vegna uppgjors	11.821	2.267	( 3.967 )	9.993	2.467	( 876 )
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	6.807	0	74.604	6.807	0	74.604
Laun og launat. gjöld samtals .....	1.584.166	1.606.429	1.547.265	1.639.769	1.662.478	1.600.964
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	24.801	56.817	39.738	27.926	66.029	46.528
	1.608.967	1.663.246	1.587.003	1.667.695	1.728.507	1.647.492

	2018	2017
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	253	259
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	174	180
Ársverk.....	176	172
Laun bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	49.879	50.670

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
Vaxtatekjur og verðbætur .....	70.099	52.174	77.393	70.099	52.174	77.393
Tekjur af eignarhlutum .....	6.011	0	7.174	6.011	0	7.174
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	56.927	52.265	41.273	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 77.217 )	( 39.461 )	( 71.051 )	( 93.909 )	( 51.858 )	( 82.233 )
Samtals .....	55.820	64.978	54.789	( 17.799 )	316	2.334

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Ársreikningur 2017
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	2.813.968	2.602.375	2.586.059
Félagsþjónusta .....	( 293.277 )	( 327.010 )	( 324.334 )
Heilbrigðismál .....	( 645 )	( 470 )	( 520 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 1.488.903 )	( 1.528.637 )	( 1.457.655 )
Menningarmál .....	( 96.922 )	( 91.206 )	( 88.298 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 473.132 )	( 485.046 )	( 488.451 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 61.301 )	( 59.000 )	( 62.952 )
Hreinlætismál .....	( 1.181 )	946	2.655
Skipulags- og byggingarmál .....	( 59.339 )	( 56.410 )	( 65.986 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 117.169 )	( 118.379 )	( 127.084 )
Umhverfismál .....	( 29.323 )	( 41.401 )	( 34.036 )
Atvinnumál .....	( 30.394 )	( 30.783 )	( 26.950 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 222.809 )	( 216.671 )	( 196.022 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar lífeyrissj. ....	( 31.608 )	( 56.817 )	( 114.342 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	309.332	272.179	274.665
Aðalsjóður samtals .....	217.299	( 136.330 )	( 123.251 )
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	255.835	305.532	370.439
Þjónustumiðstöð .....	( 2.241 )	3.396	1.040
A hluti samtals .....	470.894	172.597	248.228
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Vatnsveita .....	11.859	5.365	20.494
Hafnarsjóður .....	17.503	5.622	4.275
Víðihlið, dvalarheimili aldraðra .....	( 7.888 )	( 9.415 )	( 2.260 )
Fráveita .....	11.848	8.693	19.351
Félagslegar íbúðir .....	( 1.754 )	( 3.259 )	927
A og B hluti .....	502.462	179.602	291.015

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

##### A hluti

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018 .....	7.017.750	644.850	467.234	8.129.834
Afskrifað áður .....	( 1.815.979 )	( 251.312 )	( 291.888 )	( 2.359.178 )
Bókfært verð 1.1.2018 .....	5.201.771	393.538	175.347	5.770.655
Viðbót á árinu .....	406.172	125.639	53.404	585.216
Endurmat lóða og lendna .....	141.631	0	0	141.631
Afskrifað á árinu .....	( 130.183 )	( 25.757 )	( 43.491 )	( 199.431 )
Bókfært verð 31.12.2018 .....	5.619.391	493.420	185.260	6.298.071
Samtals heildarverð 31.12.2018 .....	7.565.553	770.489	520.639	8.856.681
Afskrifað samtals .....	( 1.946.162 )	( 277.069 )	( 335.379 )	( 2.558.610 )
Bókfært verð 31.12.2018 .....	5.619.391	493.420	185.260	6.298.071
Afskriftahlutföll .....	0 - 10%	4%	7 - 20%	

##### A og B hluti

	Fasteignir, lóðir og lendur	Gatnakerfi, veitur og höfn	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2018 .....	7.526.880	2.391.770	547.315	10.465.965
Afskrifað áður .....	( 1.990.926 )	( 1.256.178 )	( 344.837 )	( 3.591.940 )
Bókfært verð 1.1.2018 .....	5.535.954	1.135.592	202.478	6.874.025
Viðbót á árinu .....	491.517	247.193	53.404	792.114
Íbúðaréttur, endurflokkun .....	10.558	0	0	10.558
Endurmat lóða og lendna .....	141.631	0	0	141.631
Afskrifað á árinu .....	( 144.654 )	( 57.899 )	( 47.172 )	( 249.725 )
Bókfært verð 31.12.2018 .....	6.035.007	1.324.886	208.711	7.568.604
Samtals heildarverð 31.12.2018 .....	8.170.586	2.638.963	600.720	11.410.269
Afskrifað samtals .....	( 2.135.579 )	( 1.314.077 )	( 392.009 )	( 3.841.665 )
Bókfært verð 31.12.2018 .....	6.035.007	1.324.886	208.711	7.568.604
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10%	2 - 4%	5 - 20%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2018	Áætlun 2018 viðaukum
<b>A hluti</b>		
<b>Fasteignir:</b>		
Leikskóli .....	0	23.000
Gerðavellir, daggæsla.....	70.827	45.000
Íþróttamannvirki .....	328.362	449.900
Áhaldahús.....	1.282	4.000
Slökkvistöð.....	0	1.500
Hafnargata 12.....	2.312	0
Túngata 15-17.....	1.536	1.500
Víkurbraut 62.....	1.168	2.000
Hópsskóli.....	685	35.800
	406.172	562.700
<b>Gatnagerð:</b>		
Gatnaframkvæmdir .....	199.789	190.200
Gatnagerðargjöld .....	( 74.150 )	( 40.000 )
	125.639	150.200
<b>Áhöld og tæki:</b>		
Vélsópur.....	22.568	24.000
Skólabíll .....	16.756	15.100
Búnaður í grunnskóla .....	4.132	5.000
Leiktæki á skólalóð.....	4.105	4.500
Ljósvel í Hópskóla.....	4.104	3.500
Hjartastuðtæki.....	1.739	1.800
	53.404	53.900
A hluti samtals.....	585.215	766.800
<b>B hluti</b>		
<b>Vatnsveita:</b>		
Veitukerfi .....	21.615	63.900
	21.615	63.900
<b>Hafnarsjóður:</b>		
Hafnarmannvirki, framkvæmdir.....	77.113	236.250
	77.113	236.250
<b>Fráveita:</b>		
Veitukerfi .....	22.826	22.200
	22.826	22.200
<b>Víðihlið:</b>		
Víðihlið, viðbætur.....	84.116	100.000
Víðihlið, endurbætur .....	1.229	4.470
	85.344	104.470
B hluti samtals.....	206.898	426.820
Samtals A og B hluti.....	792.114	1.193.620

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	2.120.165	2.706.815
Brunabótamat fasteigna.....	5.756.060	6.673.270
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	777.025	952.932
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	4.386.766
Váttryggingaverðmæti götulýsingar.....	271.829	271.829

### 9. Stofnframlag og eignarhlutir í félögum

Stofnframlag og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

